

**Ed.**

**528. Frumvarp til laga**

[296. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Heimilt er að endurskipa vitamálastjóra svo oft sem verða vill.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda er skipaður verður vitamálastjóri í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Í hafnalögum, nr. 69/1984, segir m.a. svo í 4. gr.:

„Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.“

Í ákvæði til bráðabirgða II í sömu lögum segir svo að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skuli skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

Þessi breyting á hafnalögum var gerð í samræmi við þá þróun sem hefur undanfarin ár átt sér stað í ríkisstofnunum, að forsetaskipun forstöðumanns hefur verið felld niður og þar með æviráðning en þeir í þess stað skipaðir af viðkomandi ráðherra til ákveðins tíma.

Ekki var talin ástæða til þess þegar frumvarp til gildandi hafnalaga var til umfjöllunar á Alþingi að breyta jafnframt lögum um vitamál eins og hér er lagt til. Endurskipulagning sú, sem unnið hefur verið að allt undanfarið ár og raunar lengur á starfsemi Hafnamálastofnunarinnar og nú er að verulegu leyti komin til framkvæmda, gerir það hins vegar að verkum að nauðsynlegt er að breyta lögum um vitamál á þann hátt sem lagt er til til samræmis við hafnalög enda gegnir sami maður bæði embætti vitamálastjóra og hafnamálastjóra.